



501. fundur stjórnar SASS
haldinn að Austurvegi 56 á Selfossi
mánudaginn 14. desember 2015 kl. 12.00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Níelsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarsdóttir, Sæmundur Helgason, Unnur Þormóðsdóttir og Páll Marvin Jónsson. Eggert Valur Guðmundsson forfallaðist og í hans stað kom varamaður hans Arna Ír Gunnarsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 500. fundar undirrituð.

2. Innri mál SASS

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir innri málefni SASS og lögðu fram tillögur að breytingum á starfsemi og skipulagi SASS. Niðurstaða umræðunnar var að fela formanni og framkvæmdastjóra nánari útfærslu í samræmi við umræður á fundinum. Gert er ráð fyrir að afgreiða málið á næsta stjórnarfundum.

3. Menntaverðlaun Suðurlands 2015

Stjórn SASS samþykkir að skipa eftirtalda aðila í samstarfshóp um úthlutun Menntaverðlauna Suðurlands 2015:

- Kolbrún Sigþórsdóttir
- Sigurður Sigursveinsson
- Elín Einarsdóttir

4. Endurskoðun ársreikninga

Stjórn SASS staðfestir að samningur verði gerður við PwC um endurskoðun á ársreikningum samtakanna.

5. Almenningsamgöngur

Stjórn telur nauðsynlegt að innanríkisráðuneytið ráðist sem fyrst í gerð sérlaga um almenningsamgöngur.

Ákveðið var að fela framkvæmdastjóra að boða sem fyrst til fundar um almenningsamgöngur með sveitarstjórum á Suðurlandi og að hann skuli haldinn í byrjun nýs árs. Á fundinum verður farið verður yfir leiðarkerfið, gjaldskrármál og önnur atriði sem snúa að rekstri almenningsamgangna.

Sam
A7
up
Sost
up

6. Önnur mál til kynningar og afgreiðslu.**a) ART verkefnið - tryggja þarf fjármögnun nú þegar**

Stjórn SASS fagnar því að meirihluti fjárlaganefndar leggi til við fjárlagagerð fyrir árið 2016 að tímabundið framlag að upphæð 30 m.kr. verði varið til ART-verkefnisins. Stjórnin áréttar nauðsyn þess að félags- og húsnæðismálaráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART verkefnið og að gildistími hans sé til fimm ára þannig að hægt verði að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni.

b) Virðisaukaskattur á akstursþjónustu sveitarfélaga

Margt bendir til að niðurstaðan verði sú að aðkeypt akstursþjónusta vegna almenningsgangna falli undir undanþágu í 3. mgr. 2. gr. virðisaukaskattalaganna. Nauðsynlegt er að þetta ákvæði gildi um alla akstursþjónustu á vegum sveitarfélaga.

c) Fjárlagafrumvarpið 2016

Formaður kynnti meirihlutabreytingar á fjárlagafrumvarpi ríkisins 2016 fyrir aðra umræðu þess á Alþingi.

d) Síðari úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands 2015

Formaður verkefnastjórnar kynnti minniblað verkefnisstjóra Uppbyggingarsjóðs um síðari úthlutun sjóðsins árið 2015. Sjóðnum bárust 122 gildar umsóknir að þessi sinni. Þar af voru 67 umsóknir vegna menningarverkefna og 55 umsóknir vegna nýsköpunarverkefna.

Alls var sótt um 186 m.kr. þar af um 50 m.kr. vegna menningarverkefna og 136 m.kr. vegna nýsköpunarverkefna. Samkvæmt áætlun verkefnisstjórnar lá fyrir að veita samtals 34,5 m.kr. nú í síðari úthlutun ársins. Áætluð skipting var 21 m.kr. til nýsköpunarverkefna og 13,5 m.kr. til menningarverkefna.

Tillaga verkefnisstjórnar gerir ráð fyrir að úthluta um 28 m.kr. til 66 verkefna og að úthlutað verði 15,2 m.kr. til 24 nýsköpunarverkefna tæpum 13 m.kr. til 42 menningarverkefna.

Fyrir fundinum lágu einnig tillögur verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands um úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands, síðari úthlutun 2015. Stjórnin staðfesti fyrirbyggjandi tillögur verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands.

e) Vistvæn og hagkvæm íbúðarhús

Tölvupóstur frá ARKHD – Arkitektum Hjördís & Dennis um vistvæn og ódýr hús lagður fram til kynningar.

Símafundur verður haldinn fimmtudaginn 17. desember nk. kl. 12:00.

Næsti fundur verður haldinn á Hellu föstudaginn 15. janúar nk. kl. 12:00.

Handwritten notes in blue ink: "Sæm", "Sott", "G", "bb", "WP".



Fundi slitið kl. 14:50

Gunnar Þorgeirsson
Anna Björg Níelsdóttir
Arna Ír Gunnarsdóttir
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Elín Einarsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Páll Marvín Jónsson
Sæmundur Helgason
Ágúst Sigurðsson
Bjarni Guðmundsson

Gunnar Þorgeirsson
Sæmundur Helgason
Anna Björg Níelsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Ágúst Sigurðsson
Elín Einarsdóttir